



Borgarráð

Laugardalur - skipulagsmál

Á umliðnum árum hafa komið fram fjölmargar hugmyndir um uppbyggingu í Laugardal, einkum í þágu íþróttar. Einnig hefur verið kallað eftir heildarsýn og heildarskipulagi fyrir dalinn. Til að undirbúa það verkefni var skipaður starfshópur um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardal í febrúar 2021. Hann var undir forystu Björns Axelssonar skipulagsfulltrúa hefur skilað meðfylgjandi tillögum um heildarsýn fyrir skipulag Laugardals þar sem fjallað er um ýmsar framkomnar hugmyndir að uppbyggingu og gerðar eru tillögur að fyrirkomulagi og staðsetningu einstakra mannvirkja og þróun svæðisins.

Áhersla er lögð á að styrkja einkenni Laugardalsins og undirstrika hlutverk hans sem mikils útivistarsvæðis um leið og tryggð er framúrskarandi æfingaaðstaða fyrir börn og unglinga í hverfinu og undirstrikað að Laugardalurinn er miðstöð íþróttar á Íslandi.

Í tillögunum eru jafnframt útfærðar breytingar og flutningar á æfingasvæðum Þróttar sem samkomulag náðist um á sl ári í kjölfar uppbyggingar í þágu félagsins sem er að hefjast og hugmyndum um þjóðarleikvanga valinn staður á svæðinu.

Núverandi staða skiplags

Gerð er grein fyrir stöðu núverandi skipulags, fyrirkomulags umferðar og áforma um þjóna svæðinu vel með hágæða almenningssamgöngum, Borgarlínu.

Umferðarmál

Velt er upp þeim kosti að draga úr bílaumferð í gegnum dalinn. Í því skyni verði Engjavegur ekki lengur fyrir gegnumakstur.

Aukin græn almenningssvæði

Gerðar eru tillögur um aukin græn almenningssvæði, m.a. til útivistar.

Heildstætt stígakerfi

Gerðar eru tillögur um heildstætt stígakerfi. Einnig er minnt á hugmynd um undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Reykjaveg.



Íþróttir barna- og unglinga, Þróttur og Ármann

Sýndar eru breytingar sem leiða af því að ákveðið hefur verið að fjárfesta í nýjum gervigrasvöllum til æfinga og keppni fyrir Þrótt, þar sem áður var svo kallaður Valbjarnarvöllur. Þessi áform eru full fjármögnuð af hálfu borgarinnar og hafa verið boðin út. Skv. samkomulagi við félagið verða þá æfingavellir þess við Suðurlandsbraut og TBR teknir undir annað, frjálsíþróttir annars vegar og almenningsvæði hins vegar.

Þjóðarleikvangar

Sýnt er fram á að rúma megi Þjóðarhöll, þjóðarleikvang í innanhúsiþróttum (m.a. handbolt og körfubolta) við hlið núverandi Laugardalshallar, upp að Suðurlandsbraut þar sem gengið yrði beint inn í hana úr stöð Borgarlínu. Austan frjálsíþróttahallar er staðsettur Þjóðarleikvangur í frjálsum íþróttum. Á svæði Laugardalsvallar er gert ráð fyrir þjóðarleikvangi í knattspyrnu. Ósamið er um fjármögnun þjóðarleikvanga milli ríkis og borgar.

Íþróttahús fyrir Þrótt og Ármann

Náist samningar milli ríkis og borgar og byggingur Þjóðarhallar gerir samkomulag Reykjavíkurborgar Þróttar og Ármanns frá mars 2021 ráð fyrir að félögin fái gömlu Laugardalshöllina til æfinga og keppni, uppgerða. Náist ekki samningar milli ríkis og borgar um Þjóðarhöll er sýnt fram á að nýtt hús fyrir félögin geti risið á bílastæðum við núverandi gervigrasvöll Þróttar, í samræmi við tillögur félaganna. Stefnt er að því að niðurstöður í málinu liggi fyrir síðar á þessu ári.

Laugardalslaug

Umhverfi Laugardalslaugar er á leið í hugmyndasamkeppni þar sem meðal annars verður hugað að notkun stúkunnar en endurbætur á henni og laugakeri eru löngu tímabærar.

Grasagarður og Fjölskyldugarður

Grasagarðinum er tryggður sess í hugmyndunum og gert ráð fyrir Fræðsluhúsi sem hefjast er bygging á í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Skautahöllin

Gert er ráð fyrir viðbyggingarmöguleikum við Skautahöllina.

TBR

Gert er ráð fyrir nýju húsi fyrir tennis- og tengdar greinar við hús TBR og útivelli fyrir tennis.



Reykjavíkurborg

ÍSÍ og ÍBR

Byggingarmöguleikar eru sýndir við skrifstofur íþróttahreyfingarinnar.

Samfelld byggð við Suðurlandsbraut endurskoðuð

Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar Borgarlínu.

Lagt er til að skipulagshugmyndir um Laugardal verði sendar til umfjöllunar í skipulags- og samgönguráði, menningar-, íþrótt- og tómstundaráði og íbúaráði Laugardals, auk þess sem þær verða kynntar á opnum íbúafundi borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri